

Um Hlíðabæ

Hlíðabær er dagþjálfun fyrir fólk sem greinst hefur með heilabilunarsjúkdóma. Opið er alla virka daga frá kl. 8 til 16.

Væntanlegum skjólstæðingi og/eða fjölskyldu hans er boðið í forviðtal þar sem starfsemin er kynnt og viðkomandi síðan boðið í heimsókn og hann hvattur til að kynna sér starfsemina áður en hann tekur ákvörðun um þjálfun.

Rekstur

Hlíðabær tók til starfa 22. mars 1986 og er fyrsta dagþjálfunin sem er sérstaklega ætluð þeim sem greinst hafa með heilabilunarsjúkdóma.

Hlíðabær er sjálfseignarstofnun. Stjórn heimilisins er sameiginleg með Múlabæ, Síðumúla 32. Stofnaðilar, SÍBS og RRKÍ eiga hvor um sig 2 fulltrúa í stjórn, auk þess er 1 fulltrúi frá Félagi eldri borgara í Reykjavík. Stjórn ræður forstöðumann sem er ábyrgur fyrir rekstri. Starfsemin er ekki hagnaðardrifin.

Heimild er fyrir 22 skjólstæðinga hvern virkan dag og greiðir ríkissjóður stærstan hluta daggjaldsins en viðkomandi skjólstæðingur tekur þátt í því að hluta. Reykjavíkurborg á húsið að Flókagötu 53 og leigir til Hlíðabæjar.

Markmið starfsins:

- Að bæta líðan skjólstæðinganna með markvissri þjálfun
- Að viðhalda og efla virkni og þátttöku í athöfnum daglegs lífs
- Að styðja aðstandendur

Virðing – virkni – vellíðan

Í Hlíðabæ er lögð áhersla á jákvæða virkni, virðingu fyrir einstaklingnum og vellíðan bæði skjólstæðinga og aðstandenda.

Skipulögð dagskrá skiptist í þjálfun, afþreyingu og hvíld. Leitast er við að koma til móts við áhuga og hæfni hvers og eins, þannig að allir fái viðfangsefni við hæfi, nýti sínar sterku hliðar og njóti þess að vera þátttakendur í starfi og leik.



Fastir liðir í dagskránni

- Líkamsrækt, t.d. leikfimi, sund, gönguferðir og dans.
- Þjálfun í ýmsum athöfnum daglegs lífs, t.d. heimilisstörf, bakstur, sultugerð og garðrækt.
- Fjölbreytt starf í vinnustofum, t.d., smíðavinna, kertagerð, kortagerð, þrjón, saumar.
- Söngur, lestur, umræður og ýmislegt fleira sem stuðlað getur að aukinni virkni og ánægju.
- Ferðir á söfn, kaffihús, rútuferðir o.fl.
- Lengri ferðir eru farnar á sumrin.

Boðið er upp á baðaðstoð, lyfjaeftirlit og aðra hjúkrunar- og lækniþjónustu eftir þörfum.

Við innritun fellur eftirlit vegna heilabilunarsjúkdóms niður á minnismóttöku LSH.

Akstursþjónusta sem og fótisnyrting og hárgreiðsla í Lönguhlíð 3 er í boði gegn gjaldi.

Lögð er áhersla á góð samskipti við fjölskyldur skjólstæðinga. Í boði eru t.d.

- Aðstandendafundir
- Fjölskyldudagur tvisvar sinnum á ári
- Fjölskyldufundir eftir þörfum
- Upplýsingar, ráðgjöf og stuðningur
- Lokuð fésbókarsíða þar sem að settar eru inn myndir úr starfinu



HLÍÐABÆR dagþjálfun

Forstöðumaður hjúkrunar
Hjördís Halldóra Sigurðardóttir,
hjúkrunarfræðingur
hli dabaerhjordis@simnet.is

Forstöðumaður Hlíðabæjar
Þórunn Bjarney Garðarsdóttir,
hjúkrunarfræðingur
thorunn.mulabaer@internet.is
s. 778-9020



Flókagötu 53, 105 Reykjavík
Sími: 562-1722

Læknisþjónusta frá Landspítalanum Landakoti.

Opið: 8:00-16:00
Netfang: hli dabaerskrifstofa@simnet.is